

17. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn föstudaginn 12. júlí 2019 í fjarfundabúnaði.

Fundurinn hófst kl. 9:30.

Á fundinn eru mættir, Björn Ingimarsson, Anna Alexandersdóttir Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Elvar Snær Kristjánsson og Hildur Þórisdóttir.

Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Kynningaráætlun

Róbert kynnti tilboð sem bærust í kynningarmál og almannatengsl, ásamt minnisblaði með samantekt tilboðanna. Fjögur tilboð bærust og uppfylltu tvö þeirra vel skilyrði verklýsingar.

Róberti falið að óska eftir nánari útfærslu frá Athygli og H:N markaðsráðgjöf á því hvernig fjármagninu væri best varið í annars vegar ráðgjöf og hins vegar birtingar. Fjárhagsrammi áætlaður 5,5 mkr.

Samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra hefur boðað komu sína á Austurland þann 14. ágúst til að ræða samgöngumál. Ráðherra mun funda með stjórn SSA, bæjar-og sveitarstjórum og oddvitum.

Samstarfsnefnd stefnir að því að funda í beinu framhaldi af fundi ráðherra til að fara yfir hvaða skilaboð komu fram. Mikilvægt er að nýta tækifærið til að kynna verkefnið.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 10.10.